

Formannafundur UDN 16. nóvember 2016. Rauðakrosshúsinu í Búðardal kl. 18.

Mætt voru: Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður UDN, Ingveldur Guðmundsdóttir gjaldkeri UDN, Jóhanna Sigrún Árnadóttir varaformaður UDN, Arnar Svansson varamaður UDN, Þórður Ingólfsson formaður Glaðs, Jóhann Pálmason formaður Glímufélagsins, Baldur Gíslason formaður Ólafs Páa, Björn Samúelsson formaður Aftureldingar, Herdís Matthíasdóttir stjórnarmaður UDN, Arnar Eysteinnsson formaður Stjórnunnar, Finnbogi Harðarson formaður Æskunnar og Svana Hrönn Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri UDN. Þuríður Sigurðardóttir frá Dögun mætti seint.

1. Styrkir

Svana fór yfir styrki sem hægt er að sækja um og minnti formenn á að sækja um.

- Íþróttasjóður ríkisins – úthlutun 1. október 2017.
- Fræðslu- og verkefnasjóður - næst 1. apríl 2017.
- Umhverfissjóður UMFÍ - næst 15. apríl 2017.
- Æskulýðssjóður UMFÍ - næst 15. apríl 2017.
- Evrópa Unga fólksins – mikið af styrkjum þar, Svana nefndi að þar væru mörg tækifæri.
- ÍSÍ styrkir – er oft tengdir afreksfólki, en má skoða betur.
- Annað – Svana nefndi að ef einhver vissi af einhverjum styrkjum þá mætti láta vita af því, það er örugglega einhverjir fleiri styrkir sem hægt er að sækja um.

2. Starf framkvæmdastjóra

- Hvað er á döfinni? Knattspyrnu- og glímuæfingar og sundnámskeið. Einnig er markmiðið að halda íþróttanámskeið. Mætti vera aðgengi að fleiri þjálfurum.
- Hvað vantar? – Íþróttahelgar? Rætt var um hvernig væri hægt að auka fjölbreytni og hvort áhugi væri á því að fá þjálfara einhverra greina yfir helgi. Formenn félaganna tóku vel í það.

3. Heimasíða og upplýsingaflæði

- Svana óskaði eftir meiri upplýsingum frá félögunum til að virkja heimasíðuna meira, reglur, logo, viðburðaskrá og fleira.
- Upplýsingaflæði var rætt, hver væri besta leiðin til að koma upplýsingum til iðkenda og foreldra. Dreifibréf, heimasíður, Facebook, tölvupóstur.

4. Dalurinn

- Aðildarfélögin í Dalabyggð sóttu um sjálfboðaliðastyrk Dalabyggðar til að bæta Dalinn. Það er byrjað að laga til í brekkunni, en ennþá eru mörg handtök eftir. Svana segir mikilvægt að hafa dag þar sem fólk hittist fyrir sumarið og tekur til og lagar það sem þarf í Dalnum.

5. Innkaup á áhöldum fyrir frjálsar íþróttir í Dalabyggð.

- Það er búið að kaupa spjót, skutlur, kringlur og fleira en meira að bætast við. Félögin fá meiri upplýsingar þegar næsta sending er komin.

6. Önnur mál

- Rætt var um sameiningu ungmennafélaganna og hvernig það myndi ganga fyrir sig. Allir voru jákvæðir þegar sameining var rædd. Framkvæmdastjóri ætlar að athuga leiðir sem hægt er að fara til sameiningar.
- Björn formaður Aftureldingar sagði frá því að það væri verið að búa til fótboltavöll á Reykhólum. Sótt var um styrk í íþróttasjóð til kaupa á mörkum.
- Umræðan um upplýsingaflæði kom aftur, Þórður nefndi mikilvægi heimasíðnanna m.t.t. vörslu á gögnum sem hægt er að fletta upp í. Einnig benti hann á að dreifibréf fara á alla bæji í Dalabyggð og íbúar gætu þannig fylgst betur með því sem er í gangi.

Fundi slitið kl. 19:30

Svana Hrönn Jóhannsdóttir